

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2022

frá 29. apríl 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 283, 31.8.2020, bls. 2.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 16b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 L 0879**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/879 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 296), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 283, 31.8.2020, bls. 2.“

2. gr.

Lið 19b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður er bætt við:

„– **32019 L 0879**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 296), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 283, 31.8.2020, bls. 2.“

2. Aðlögunartextar e) til j) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar h) til m).

3. Eftirfarandi aðlögunartextum er bætt við á eftir aðlögunartexta d):

„e) Í 7. mgr. 44. gr. a orðast „28. desember 2020“, að því er varðar EFTA-ríkin, sem „gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022“.

f) Að því er EFTA-ríkin varðar, skal 3. mgr. 45. gr. i gilda eigi síðar en 36 mánuðum frá gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022 eða ef skilastjórnvald EFTA-ríkis hefur ákvarðað frest til framfylgdar sem lýkur síðar en 36 mánuðum eftir gildistökuðag ákvörðunarinnar, þá gildir það frá frestinum til framfylgdar.

g) Í 45. gr. m, að því er varðar EFTA-ríkin:

i) í fyrstu undirgrein 1. mgr. orðast „1. janúar 2024“ sem „eigi síðar en 36 mánuðum frá gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 296.

- ii) í annarri undirgrein 1. mgr. orðast „1. janúar 2022“ sem „eigi síðar en einu ári frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022“,
- iii) í þriðju undirgrein 1. mgr. orðast „1. janúar 2024“ sem „meira en 36 mánuðum frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022“,
- iv) í 2. mgr. orðast „1. janúar 2022“ sem „eigi síðar en einu ári frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2022 frá 29. apríl 2022“.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2019/879, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 283, 31.8.2020, bls. 2, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.